

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Síðuskóla.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Síðuskóla.

Breytingin felur m.a. í sér að skipulagssvæðið stækkar til vesturs að Vestursíðu og lóð Síðuskóla stækkar. Innan lóðarinnar eru skilgreindir nýir byggingarreitir fyrir viðbyggingu á 1-2 hæðum ásamt tengibyggingu og leikskóla á 1-2 hæðum.

Þá er skilgreind ný lóð fyrir hjúkrunarheimili á 1-4 hæðum norðan og vestan lóðar Síðuskóla og fyrirhugaðs leikskóla. Aðkoma akandi umferðar að fyrirhuguðum leikskóla og hjúkrunarheimili verður um nýja tengingu frá Vestursíðu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 2. mars 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. mars 2023